EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3320

Rekstraraðili Síldarvinnslan hf kt: 5702697479	**Tegund starfsemi** Fiskimjölsverksmiðjur	**Starfsleyfisnúmer** UST-2014-L021-01 **Gildistími starfsleyfis** 29. október 2030
Starfsstöð Strandarvegur 1-11 Seyðisfjörður	**Tegund eftirlits** Reglubundið eftirlit	**Dagsetning eftirlits** 20. október 2026
Starfsstöðvarnúmer ET-0091	**Eftirlitsmaður** Auður Eyberg Helgadóttir	**Útgáfudagur skýrslu** 24. nóvember 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Hafþór Eiríksson	
Sindri Sigurðsson	
Eggert Einarsson	

Niðurstaða eftirlits

Engin ný frávik komu fram í eftirliti og engar ábendingar voru settar fram.

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit fór fram hjá Síldarvinnslunni á Seyðisfirði hf, þann 20. október 2026.

Fiskimjölsverksmiðja Síldarvinnslunnar á Seyðisfirði er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 29. október 2014 og gildir til 29. október 2030. Starfsleyfið heimilar framleiðslu á fiskimjöli og lýsi úr 1.400 tonnum á sólarhring, af fiski, afskurði og aukaafurðum sem ætlaðar eru til vinnslu í verksmiðjunni.
Boðað umfang eftirlitsins:

1. Staðan frá síðasta eftirliti
2. Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
3. Eftirlitsmælingar og skráningar
4. Áætlanir
5. Skoðunarferð

1. Fjögur frávik komu fram í eftirliti árið 2025 og hefur þeim öllum verið lokað.

2. Ársyfirliti og umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 var skilað inn 30. apríl 2026.

3. Niðurstöður mælinga á TVN hafa borist eftirlitsaðila í samræmi við kröfur í starfsleyfi. Farið var yfir TVN mælingar frá janúar 2025 til apríl 2025.

4. Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda eru til staðar. Áætlun um meðhöndlun úrgangs og áætlun vegna tímabundinnar og varanlegrar rekstrarstöðvunar eru til staðar.

5. Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Lýsisgeymar voru skoðaðir sem og þró umhverfis þá. Engin starfsemi var í verksmiðjunni þegar eftirlitið fór fram og hefur ekki verið síðan í apríl 2025.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. einnig XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.